

Fundargerð 484. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2026, miðvikudaginn 19. ágúst kl. 09:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Nuuk á Grænlandi.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Elliði Vignisson og Hanna Björg Konráðsdóttir.

Að auki sátu fundinn Valur Rafn Halldórsson og Bryndís Gunnlaugsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 483. fundar - 2509016HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 483. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 29. maí 2026 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Virðisaukaskattur á hringsiglingaskip - 2601003HA

Lögð fram til kynningar samantekt frá KPMG um sviðsmyndir vegna virðisaukaskatts á hringsiglingar, dags. 12. ágúst 2026.

Formanni og starfsfólki Hafnasambandsins falið að vinna málið áfram.

3. Áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - Gjaldaákvæði hafnalaga - 2605001HA

Lögð fram gögn vegna breytinga á hafnalögum en um er að ræða samantekt á aðalatriðum umsagna vegna áforma um breytingar á gjaldskrárákvæði hafnalaga ásamt tillögum til umræðu.

Samþykkt að gjaldskrárákvæði hafnalaga verði til umræðu á Hafnasambandsþingi 2026.

4. Erlend samskipti Hafnasambandsins - 2509013HA

Gunnar Tryggvason, fulltrúi hafnasambandsins í ESPO, gerði grein fyrir framkvæmdastjórnarfundum með samtökunum.

5. Umsögn um drög að nýrri reglugerð um Loftslags- og orkusjóð - 2608001HA

Lögð fram til kynningar umsögn um drög að reglugerð um Loftslags- og orkusjóð, dags. 10. ágúst 2026.

6. Drög að dagskrá Hafnasambandsþings 2026 - 2510001HA

Lögð fram til umræðu drög að dagskrá fyrir Hafnasambandsþing 2026.

7. Hafnasamband Íslands - ársreikningur 2025 - 2608002HA

Lögð fram drög að ársreikningi Hafnasambands Íslands fyrir árið 2025.

Samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarhöfnum, sbr. ákvæði í 5. mgr. 5. gr. laga Hafnasambandsins, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu frestað þar til þessu er lokið.

Fundi var slitið kl. 10:00